

Umræða um mat á úrræðum og aðgerðum borgarinnar vegna Úlfarsárdals (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)

Greinargerð:

Undanfarið hafa komið fram alvarlegar áhyggjur íbúa í Úlfarsárdal og Grafarholti vegna öryggismála í hverfinu. Í fréttum hefur meðal annars verið fjallað um hnífstunguárás og vaxandi ótta meðal íbúa. Einn íbúi lýsti ástandinu þannig að „hverfinu væri haldið í heljargreipum“ – orð sem endurspegla djúpa vanlíðan og óöryggistilfinningu meðal íbúa. Það er skylda borgarstjórnar að bregðast við þessum áhyggjum af ábyrgð og yfirvegun. Markmið umræðunnar er að fara yfir hvaða úrræði Reykjavíkurborg og samstarfsaðilar hennar hafa yfir að ráða, hvernig þau eru nýtt og hvort þau duga til að mæta þeirri stöðu sem nú er uppi. Sérstaklega þarf að skoða forvarnastarf, félagslega þjónustu, löggæslu og samstarf við skóla- og frístundakerfið.

Því er óskað eftir sérstakri umræðu í borgarstjórn um öryggi og félagslegt ástand í Úlfarsárdal, með það að markmiði að greina stöðuna og móta viðeigandi viðbrögð.